

## B.9 Skilmálar um afhendingu rafmagns til stórnotenda á lægri spennu en 132 kV.

### 0. Breytingar frá fyrri útgáfu

Hér er um frumútgáfu að ræða.

### 1. Inngangur

- 1.1 Skilmálar þessir eru settir á grundvelli raforkulaga nr. 65/2003 með síðari breytingum, reglugerð nr. 1040/2005 um framkvæmd raforkulaga, reglugerð nr. 513/2003 um kerfisstjórnun, reglugerð nr. 1050/2004 um raforkuviðskipti og mælingar með síðari breytingum og reglugerð nr. 1048/2004 um gæði raforku og afhendingaröryggi.
- 1.2 Skilmálar þessir fjalla um hvernig staðið skuli að afhendingu og gjaldtöku til stórnotenda sem óska eftir að fá afhent rafmagn á lægri spennu en 132kV og nota að hámarki 75 MW. Viðkomandi stórnotendur greiða sérstakt niðurspenningargjald ásamt sértækum tengikostnaði.
- 1.3 Almennir skilmálar um flutning rafmagns og kerfisstjórnun (A1) eiga jafnframt við um flutning þennan.
- 1.4 Skilmálar þessir hafa verið staðfestir af ráðherra sbr. 6 mgr. 9. gr raforkulaga.

### 2. Skilgreiningar

Eftirfarandi skilgreiningar gilda fyrir skilmála þessa:

- 2.1 *Afhendingarspenna* er sú spenna (málspenna) sem Landsnet afhendir rafmagn á.
- 2.2 *Afhendingarstaður* er staður í flutnings- eða dreifikerfi þar sem innmötun eða úttekt raforku fer fram og tilgreindur er í samningi milli Landsnets og viðskiptavinar.
- 2.3 *Kerfisframlag* er hlutdeild viðskiptavinar í fjárfestingu vegna nýrrar tengingar eða styrkingar á flutnings- eða dreifikerfi.
- 2.4 *Niðurspenning* er lækkun úr einni afhendingarspennu í aðra lægri.
- 2.5 *Sértækur tengikostnaður* Er kostnaður sem til fellur vegna tengingar stórnotanda sem fær rafmagn afhent á lægri spennu en 132 kV við flutningskerfi Landsnets.
- 2.6 *Stórnotandi* er notandi eins og hann er skilgreindur í raforkulögum nr. 65/2003 með síðari breytingum.
- 2.7 *Viðskiptavinur* merkir samkvæmt skilmálum þessum stórnotandi sem hefur gert samning við Landsnet um afhendingu rafmagns á lægri spennu en 132 kV

### 3. Skyldur aðila

- 3.1 Landsnet afhendir samkvæmt skilmálum þessum rafmagn til stórnotenda á lægri spennu en 132 kV á afhendingarstað sem tilgreindur er í samningi milli Landsnets og viðskiptavinar.
- 3.2 Landsnet miðar við að afhending rafmagns skerðist ekki við bilun í stakri einingu sem notuð er til niðurspenningar, nema um annað sé samið.
- 3.3 Stórnotandi sem fær rafmagn afhent á lægri spennu en 132 kV í afhendingarstað samkvæmt skilmálum þessum skal innan þriggja ára frá upphafi afhendingar uppfylla skilyrði raforkulaga um notkun og nýtingartíma á einum stað. Komi til þess að hann uppfylli ekki þau skilyrði þá ber honum að flytja viðskipti sín innan eins mánaðar til viðkomandi dreifiveitu vegna afhendingar rafmagnsins. Skulu þá Landsnet og viðkomandi dreifiveita koma sér saman um yfirfærslu notandans til dreifiveitunnar og uppgjör því tengt.

#### 4. Gjaldtaka

- 4.1 Gjald fyrir afhendingu rafmagns á lægri spennu en 132 kV skal byggjast á gjaldskrá fyrir stórnotendur, að viðbættu álagi til endurgreiðslu á raunkostnaði við niðurspenningu úr 220 kV eða 132 kV í þá afhendingarspennu sem óskað er eftir. Raunkostnaður við niðurspenningu reiknast frá útgangi spennis á 132 eða 220 kV hlið að útgangi á lágspennuhlið og er allur nauðsynlegur búnaður, þ.m.t. rofa-, varnar- og mælibúnaður að engu undanskildu, innifalinn þar í (sjá mynd 1). Við útreikning á kostnaði vegna niðurspenningar skal beita sömu aðferðum og gilda um tekjumörk stórnotenda svo sem varðandi rekstrarkostnað, afskriftir og arðsemi.
- 4.2 Stórnotandi skal greiða flutningsgjald samkvæmt flutningsgjaldskrá Landsnets og til viðbótar skal reikna út álag fyrir sérhvern viðskiptavin, sem er byggt á árlegum kostnaði af niðurspenningunni sem hlutfall af árlegum tekjum af flutningi samkvæmt gjaldskrá fyrir stórnotenda til hlutaðeigandi viðskiptavinar.

$$\text{Álag} = \frac{\text{Stofnkostnaður} \times \text{Árlegt hlutfall} \times \text{Hlutdeild niðurspenningar}}{(\text{Orkumagn} \times \text{Orkugjald} + \text{Afl} \times \text{Aflgjald})}$$

þar sem:

*Stofnkostnaður* er stofnkostnaður við niðurspenningu, tilgreindur í Bandaríkjadollurum

*Árlegt hlutfall* er hlutfall stofnkostnaðar sem innheimtist árlega og inniheldur afskriftir, fjarmagnskostnað, arðsemiskröfu og rekstrarkostnað.

*Hlutdeild niðurspenningar* er 80% af kostnaði við niðurspenningu.

*Orkumagn* er árlegt orkumagn viðskiptavinar í MWh

*Orkugjald* er orkugjald fyrir stórnotendur í gjaldskrá Landsnets


*Afl* er umsaminn afltoppur viðskiptavinar

*Aflgjald* er aflgjald fyrir stórnotendur í gjaldskrá Landsnets

- 4.3 Sérþækan tengikostnað vegna tengingar stórnotanda skal stórnotandi greiða að fullu áður en afhending hefst. Er stórnotandi eigandi þess búnaðar sem hann greiðir fyrir en búnaðurinn skal vera til endurgjaldslausra afnota fyrir Landsnet, og dreifiveitu sé um það að ræða.
- 4.4 Viðmið um kerfisframlag skulu gilda ef þörf er á fjárfestingu vegna nýs stórnotanda vegna styrkingar flutningskerfisins, byggingu á nýjum afhendingarstað eða sérþækra tengdra fjárfestinga.



Mynd 1



## 5. Ábyrgð

- 5.1 Landsneti og viðskiptavinum þess er skylt að byggja og starfrækja flutningsvirki og önnur mannvirki til flutnings raforku, halda þeim við í samræmi við starfshætti góðra og vandaðra rekstraraðila og lagfæra án tafar allar misfellur og galla, sem valda eða geta valdið hættu á tjóni.
- 5.2 Brjótí Landsnet eða viðskiptavinar þess ákvæði skilmála eða samninga settra á grundvelli þeirra sem leiðir til tjóns fyrir gagnaðilann, á tjónþoli rétt á afslætti og/eða skaðabótum úr hendi tjónvalds eins og nánar er kveðið á um í þessari grein. Sé um verulegar vanefndir að ræða er heimilt að rifta viðkomandi samningi.
- 5.3 Landsnet og viðskiptavinir þess skulu eingöngu vera ábyrgir fyrir tjóni sem þeir valda með ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Það er á ábyrgð tjónþola að gera viðeigandi ráðstafanir til að takmarka eða koma í veg fyrir tjón. Misbrestur á slíkri ráðstöfun kann að takmarka þær skaðabætur sem tjónþoli kann að eiga rétt á.
- 5.4 Hvorki Landsnet né viðskiptavinir þess skulu eiga rétt til skaðabóta fyrir óbeint eða afleitt tjón, til dæmis vegna hagnaðarmissis, afnotamissis eða hindrunar á því að fullnægja skyldu við þriðja aðila, nema að því marki sem slíkt tjón er afleiðing ásetningsbrots á samningsskyldu aðila eða undirverktaka slíks aðila (á hvaða stigi sem er).
- 5.5 Bótaábyrgð aðila á grundvelli skilmála þessara eða samninga sem á þeim byggja er takmörkuð við fjárhæð sem nemur fjórföldu gjaldi fyrir flutning raforku sem verður ekki flutt vegna aðgerða eða aðgerðaleyfis, en þó aldrei meira en sem nemur kr. 50.000.000 fyrir hvert einstakt tilvik. Bætur eru þó ekki greiddar fyrir einstakt tjón lægra en kr. 1.000.000. Við mat á því hvað telst einstakt tjónstilvik skal litið svo á að tjón sem einn og sami atburður veldur innan sama sólahrings teljist til eins tjónsatviks.
- 5.6 Landsneti og viðskiptavinum þess er heimilt að semja um frávík frá ábyrgðarákvæði þessarar 5. greinar.

## 6. Brot á skilmálum

- 6.1 Ef stórnotandi vanrækir skyldur sínar samkvæmt skilmálum þessum eða viðskiptasamningi um flutning er Landsneti heimilt að rifta þeim samningi eða óska eftir að Orkustofnun aðhafist á grundvelli VII. kafla raforkulaga.

## 7. Eftirlit og úrræði

- 7.1 Orkustofnun hefur eftirlit með því að fyrirtæki starfi samkvæmt raforkulögum og fullnægi þeim skilyrðum sem um starfsemina gilda samkvæmt lögum, reglugerðum og skilmálum þessum.
- 7.2 Komi upp ágreiningur um framkvæmd eða túlkun ákvæða skilmála Landsnets skulu aðilar leitast við að leysa þann ágreining.
- 7.3 Komi upp ágreiningur um framkvæmd eða túlkun ákvæða skilmála Landsnets skal í þeim tilvikum þar sem Orkustofnun hefur úrskurðarvald á grundvelli VII. kafla raforkulaga leita úrlausnar stofnunarinnar og úrskurðarnefndar raforkumála þar sem það á við. Úrskurði úrskurðarnefndar má vísa til dómstóla skv. 30 gr. VII. kafla raforkulaga.
- 7.4 Heyri úrlausn ágreinings ekki undir Orkustofnun má vísa málinu til úrlausnar Héraðsdóms Reykjavíkur.

Iðnaðarráðuneytinu, 25. janúar 2011

Fyrir hönd ráðherra

*Lupri Mar Pálsson / Eft. S. Geirhelóttir*